

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Grundarfjarðar vegna skólaárs 2008- 2009

Grunnskóli Grundarfjarðar hóf nýtt ferli í sjálfsmati í ágúst 2008. Sjálfsmatið byggist á sjálfsmatsferli sem heitir Skólamat og er unnið af Sif Vígbórssdóttur og Valdimar Helgasyni. Matið á að ná til allra þátta skólastarfs sem á að meta skv. ákvörðun Menntamálaráðuneytis. Matsáætlun til þriggja ára var unnin og eftir það tímabil á að hafa tekist að meta alla þættina. (Sjá fylgiskjal nr. 1) Skólastjóri stýrir matsferlinu ásamt þremur árgangastjórum skólans en foreldrar, nemendur og starfsfólk koma að því með svörun kannana, umræðufundum og viðtölum.

Skólastefna

Skólinn vann einnig í því að endurbæta skólastefnu síðasta haust og vinna einkunnarorð/gildi skólans út frá áherslum í starfinu. Einkunnarorðin eru METNAÐUR-ÁNÆGJA-SAMVINNA-ÁBYRGÐ og eiga þau að vera að leiðarljósi í skólastarfinu öllu og rík áhersla lögð á að ná þessum þáttum fram. Skólamatið á að einhverju leyti að greina hvernig tekst að vinna með hvern og einn þátt.

Matsferli og matsgögn

Matsferlinu hefur verið fylgt skv. áætlun í vetur og áhersluþættir voru líðan og samskipti og ýmsir þættir sem snúa almennt að skólastarfi. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr vefkönnunum, starfsmannaviðtölum og SVÓT greiningu (greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum) og út frá þeim unnin samantekt á þeim úrbótum sem þörf er á til þess að efla og bæta skólastarfið.

Starfsmannaviðtöl eru tekin að hausti og vori en áherslan í viðtölum er á líðan, gengi í starfi, starfsandann og veikar og sterkar hliðar

Nemendur, kennarar og foreldrar svöruðu könnunum um líðan og samskipti í nóvember og síðan aftur könnunum sem lúta almennt að skólastarfinu í mars/apríl. Þessar kannanir hafa gefið okkur góðar upplýsingar og sterkar vísbendingar um það sem er gott og má betur fara.

Vinnuvernd

Unnið hefur verið í vinnverndarstarfi í skólanum vorið 2009 og er það hluti af mati á aðstæðum í skólanum. Skipaður hefur verið öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður við skólann og þeir ásamt ráðsmanni hafa unnið í þessum lið. Síðasta vor var fylltur út skólaumhverfisvísir þar sem atriði eru skoðuð sem lúta að vinnuvernd. Út frá þessum vísi var unnin aðgerðaáætlun með tímasetningum. Í september 2009 kom fulltrúi frá Vinnueftirlitinu í eftirlitsheimsókn og vann samantekt úr henni. Samantektin ásamt aðgerðaáætlun fylgir í þessari matsskýrslu. Niðurstaðan var góð að okkar mati og settu þeir skólann í flokk 2 sem þýðir að skipulag á innra vinnuverndarstafi uppfylli lágmarksákvæði gildandi laga og reglna og að vinnuaðstæður uppfylli í meginatriðum ákvæði gildandi laga og reglna.

Niðurstöður sjálfsmats skólaárið 2008-2009 til hausts 2009.

Meginniðurstöður matsins er að finna í fylgiskjölum í þessari matsskýrslu en þau eru eftirfarandi:

- Sjálfsmatsáætlun Grunnskóla Grundarfjarðar
- Skólastefna Grunnskóla Grundarfjarðar
- Samantekt úr nemendakönnunum og úrbætur
- Samantekt á foreldrakönnunum og úrbætur
- Samantekt á starfsmannakönnunum og úrbætur
- Samantekt úr starfsmannaviðtölum við kennara að vori og hausti og leiðir til úrbóta.
- Greining á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum og samantekt á því hvernig hægt sé að bregðast við því sem þarf að bæta.
- Aðgerðaáætlun vegna vinnuverndar
- Samantektarskýrsla frá Vinnueftirliti.
- Samantekt á því sem nú þegar hefur unnist út frá þeim úrbótum sem þarf að gera.

Nýlega var skipað í skólaráð við skólann og mun eitt hlutverk þess ráðs að fara yfir matsskýrsluna og kynna sér efni hennar. Hún á að taka á mörgum þeim þáttum sem sem skólaráð þarf að fjalla um og fylgjast með auk yfirferðar yfir starfsáætlanir og skipulag.

Ljóst er af þeirri vinnu sem nú hefur farið fram að mat á skólastarfi skilar árangri og bætir starf. Í niðurstöðum matsins koma greinilega fram sterkir og veikir þættir í starfinu og verður rík áhersla lögð á að nýta það skólastarfinu til framdráttar .

Grundarfirði 15. október 2009.

Anna Bergsdóttir, skólastjóri.

MATSÁÆTLUN GRUNNSKÓLA GRUNÐARFJARÐAR
2008-2011

1. ár

Tími	Verkefni	Framkv/pátttak.
Okt.	Kynning á matsáætlun til þriggja ára fyrir starfsfólki og farið yfir ferli skólaársins og tímasetningar. Fulltrúar í matsteymi tilnefndir.	Starfsfólk Skólastjóri
Okt.	Kosið í skólaráð og þriggja ára matsáætlun kynnt fyrir ráðinu.	Fulltrúar skólaráðs Skólastjóri
Okt.	Starfsmannasamtöl tekin (sjá fylgiskjal) Unnið úr þeim upplýsingum sem þar koma fram og skráð atriði sem þarf að bæta og það sem fólk telur að vel hafi unnist.	skólastjóri Starfsmenn
Nóv.	Könnun um " Líðan og samskipti ". Vefkönnun lögð fyrir foreldra á foreldradegi og fyrir nemendur og starfsmenn vikuna 17.-21. nóvember. Kannanir eru úr Skólamati, (sjá fylgiskjal).	Foreldrar starfsfólk Nemendur Matsteymi
Des/Jan.	Unnar niðurstöður úr könnun um "Líðan og samskipti" Unnar áætlanir um umbætur og sterkir þættir teknir saman.	Skólastjóri Matsteymi
Febrúar	Matsfundur með skólaráði	Skólastjóri/Matsteymi Skólaráð
Des/feb.	Unnið með sterkar og veikar hliðar skólastarfsins á matsfundi . með starfsfólki. Niðurstöður ræddar og gerðar áætlanir um umbætur og sterkar hliðar teknar saman Vinnublað vegna matsfunda er úr Skólamati, (sjá fylgiskjal).	Skólastjóri Matsteymi Starfsfólk
mars	Ný símenntunaráætlun unnin fyrir skólaár 2008-2011	Skólastjóri
Feb/mars.	Vefkannanir " Almennt um skólann ". Foreldrar svara vefkönnun á foreldradegi í febrúar en nemendur og starfsfólk í mars. Matshópur vinnur niðurstöður og greinir veikar og sterkar hliðar Gerir áætlun um umbætur. Vefkönnun úr Skólamati, (sjá fylgiskjal).	Matsteymi Foreldrar Nemendur Starfsmenn
Apríl.	Starfsmannaviðtöl tekin (skv. fylgiskjali) og einnig kannaður áhugi á kennslu fyrir næsta skólaár. Farið yfir niðurstöður viðtala um það sem snýr að skólastarfi og greindar veikar og sterkar hliðar Matsfundir með starfsfólki (sjá fylgiskjal) þar sem greindar eru veikar og sterkar hliðar. Unnin áætlun um umbætur.	Starfsfólk Skólastjóri Matsteymi
Mái/Júní.	Niðurstöður úr starfsmannaviðtölum og matsfundum kynntar starfs Starfsfólki.	Starfsfólk Skólastjóri/Matsteymi
Mái/Júní.	Sjálsmatsskýrsla ársins unnin út frá þeim niðurstöðum sem fram komu yfir veturinn. Kynnt fyrir starfsmönnum á vinnudögum í júní og sett á heimasíðu skólans.	Skólastjóri Matsteymi Starfsfólk
júní	Sjálsmatsskýrsla kynnt fyrir fræðslunefnd á síðasta fundi skólaárs.	Skólastjóri

2. ár

Tími ágúst	Framkvæmd Sjálfsmatsskýrsla kynnt fyrir skólaráði og fræðslunefnd	Þátttak/framkv. matsteymi
ágúst/sept	Umbótaáætlun - skólabróunaráætlun unnin skv. sjálfsmats- skýrslu og sett fram áætlun um framkvæmd. Kynnt fyrir starfsfólki og sett á heimasíðu skólans	skólastjóri Matsteymi Skólastjóri
október	Starfsmannasamtöl tekin, unnið úr þeim atriðum sem fram koma og tengjast mati á skólastarfi. Styrkleikar og veikleikar greindir og hugmyndir um umbætur settar fram	Starfsmenn skólastjóri
Október	Endurmenntunaráætlun yfirfarin. Skráð hvaða markmið í endurmenntun hafa náðst og hvort einhverju þarf að bæta við	Skólastjóri
Nóvember	Vefkannanir úr Skólamati lagðar fyrir foreldra um "Líðan og samskipti" á foreldradegi í nóvember en í lok nóvember hjá nemendum og starfsfólki Matsfundur með starfsfólki um sterkar og veikar hliðar	Matsteymi/Skólastj Nemendur Starfsfólk Foreldrar
Desember	Matsteymi vinnur niðurstöður úr könnunum og málstofum, veikar og sterkar hliðar greindar og unnin umbótaáætlun.	Matsteymi
Febrúar	Matsfundur með skólaráði	Skólaráð Skólastjóri
Febrúar	Gagnaöflun, vefkannanir um "Nám og kennslu" Vefkannanir lagðar fyrir foreldra á foreldradegi í febrúar	Matsteymi Skólastjóri
Mars	Vefkannanir eru úr Skólamati, (sjá fylgiskjal) Vefkannanir lagðar fyrir nemendur og starfsfólk í mars um "Nám og kennslu" Starfsmenn svara spurningum úr Skólamati um "Starfið í skólanum"	Foreldrar Nemendur Starfsfólk
	Matsteymi vinnur niðurstöður úr könnunum, setur fram sterkar og veikar hliðar og vinnur hugmyndir að umbótum	Skólastjóri Matsteymi
Apríl	Starfsmannasamtöl tekin og unnið úr þeim það sem tengist skólastarfi	Starfsmenn Skólastjóri
Maí	Matsfundir með starfsfólki, foreldrum og nemendum, hverjum hópi fyrir sig og unnið úr niðurstöðum. Sterkar og veikar hliðar greindar.	Foreldra Nemendur Starfsfólk Matsteymi
Maí/Júní	Samantekt á niðurstöðum vetrarins og unnin sjálfsmatsskýrsla Flokkun á styrk- og veikleikum og sett fram áætlun um umbætur vegna næsta skólaárs. Sett á heimasíðu skólans.	Skólastjóri Matsteymi

3. ár

Tími	Framkvæmd	Þátttak./framkv.aðili
Ágúst starfsdagur	Sjálfsmatsskýrsla 2. árs kynnt fyrir starfsfólki Sjálfsmatsskýrsla kynnt fyrir skólaráði og fræðslunefnd.	Skólastjóri
Ágúst starfsdagur	Farið yfir samantekt starfsmannaviðtala og matsfunda. . Farið yfir hugmyndir að umbótum sem matshópur vann í júní. Gerð áætlun um framkvæmd til að bæta starfið fyrir komandi vetur - Skólaþróunaráætlun.	Matsteymi Skólastjóri Starfsmenn
September	Farið yfir endurmenntunaráætlun. Hvaða endurmenntun var í boði og starfsfólk sótti. Endurskoða áætlun ef einhverju þarf að bæta við.	Skólastjóri
Október	Starfsmannaviðtöl. Dregnar fram sterkar og veikar hliðar og settar fram umbótahugmyndir. Áætlun um framkvæmd.	Skólastjóri Starfsfólk
Nóvember	Vefkannanir lagðar fyrir um " Líðan og samskipti ". Foreldrar svara á foreldradegi. Nemendur og kennarar svara í nóvemberlok.	Foreldrar Nemendur Starfsmenn
Desember	Unnar niðurstöður úr könnunum. Dregnar fram sterkar og veikar hliðar og unnið að hugmyndum um úmbætur. Gerð áætlun um framkvæmd.	Matsteymi Skólastjóri
Febrúar	Matsfundur með skólaráði Unnið úr niðurstöðum og gerð áætlun um umbætur.	Skólastjóri Skólaráð
Febrúarlok	Foreldrar svara vefkönnun um " Upplýsingastreymi, stjórnun, stefnumörkun og skipulag ".	Matshópur Foreldrar
Marsbyrjun	Nemendur og starfsfólk svara vefkönnun um " Upplýsingastreymi stjórnun, stefnumörkun og skipulag " Matsteymi vinnur úr upplýsingum- umbótaáætlun	Nemendur Starfsfólk Matsteymi
Apríl	Starfsmannaviðtöl tekin og þau atriði sem snerta skólastarf tekin saman og greindar sterkar og veikar hliðar. Matsfundir með starfsfólki í framhaldi.	Skólastjóri Starfsfólk Matsteymi
Maí/Júní	Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin. Greindar veikar og sterkar hliðar, settar fram hugmyndir að umbótum fyrir næsta skólaár. Sjálfsmatsáætlun kynnt fyrir starfsfólki og sett á heimsíðu skólans.	Skólastjóri Matsteymi Starfsfólk
Júní	Sjálfsmatsáætlun kynnt fyrir fræðslunefnd.	Skólastjóri

Skólafestna Grunnskóla Grundarfjarðar

Skólafestna Grunnskóla Grundarfjarðar er í meginráttum að skapa gott námsumhverfi þar sem nemendum og starfsfólki líður vel, nemendur ná árangri miðað við sínar forsendur/getu og fá gott veganesti út í lífið. Í skólanámskrá er að finna skipulag starfsins og vinnuferli sen starfið er byggð á. Stefnan grundvallast á eftirfarandi gildum/einkunnarorðum:

Metnaður

Að gera ávallt sitt besta í leik og starfi og sýna sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum sem einstaklingur og í samstarfi við aðra. Hafa metnað fyrir því að ná settum markmiðum og gera kröfur til sín: GET-ÆTLA-SKAL

Ánægja

Sýna gleði, jákvæðni og virðingu í samskiptum. Starfsfólk og nemendur njóti sín í vinnuumhverfinu og finni fyrir öryggi og vellíðan. Vera dugleg að hrósa, brosa og veita jákvæða umbun.

SÁ SEM HEFUR GAMAN AF ÞVI SEM HANN GERIR NÆR ÁRANGRI

Samvinna

Vinna sameiginlega að settum markmiðum og vera heiðarlegur í samskiptum. Vera jákvæður í samvinnu við aðra, virða skoðanir annarra og vera tilbúin til málamiðlana þegar þörf er á. Allir fá að njóta sín í starfi og leik.

ENGINN GETUR ALLT, ALLIR GETA EITTHVAÐ.

Ábyrgð

Vera ábyrgur í gjörðum og hegðun gagnvart sjálfum sér og öðrum. Sýna virðingu og tillitsemi í samskiptum, axla ábyrgð á eigin námi/kennslu og vinna það sem ætlast er til. Ganga vel um eigur sínar og annarra og vera ábyrgur gagnvart umhverfinu.

HVER ER SINNAR GÆFU SMÍÐUR

Stefnunni er að öðru leyti skipt í eftirfarandi þætti:

Nám og kennsla

Leitast skal við að ná settum markmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla og stuðla að framþróun í kennsluháttum með því að vera í sífelldri endurskoðun og aðlögun að breyttum aðstæðum. Stefnt að því að hafa öflugan starfsmannahóp með fjölbreyttan bakgrunn sem auðgar skólafestna.

Leitast er við að veita nemendum nám við hæfi þannig að hver einstaklingur geti unnið á eigin forsendum. Þjóða skal upp á fjölbreytta kennsluhætti þar sem nemendur geta tileinkað sér nám eftir mismunandi leiðum. Leitast verður við að eiga góð samskipti og samvinnu við foreldra og nærsamfélagið nemendum til heilla.

Námsmat

Námsmat á að fara fram allt skólaárið og skal taka til margra þátta á námsferli nemandans. Frammistaða nemanda í tímum, vinnubrögð, frumkvæði, metnaður og hegðun skal meta auk mats á námslegum þáttum sem veða að sjálfsögðu stórt. (Sjá nánar í kafla um námsmat í skólanámskrá).

Símenntun

Starfsfólki skólans skal boðið upp á símenntun í samræmi við endurmenntunaráætlun skólans. Auk þess skal skoða allar ábendingar starfsmanna um áhugaverð námskeið eða endurmenntun sem nýtist viðkomandi í starfi og verður til þess að auka námsframboð, fjölbreytni og starfsánægju

Aðbúnaður og umhverfi

Leitast skal við að gera aðbúnað og starfsumhverfi gott og jákvætt fyrir nemendur og starfsfólk. Tryggja þarf að loftræsting í húsnæði sé viðunandi og vinnuaðstaða við hæfi. Skapa á þannig umhverfi að öllum sem í skólanum starfa við kennslu eða nám líði sem best.

Líðan

Skapa á öruggt umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk þar sem vellíðan og virðing er í fyrirrúmi. Styðja á við bakið á þeim sem eiga við vanlíðan eða erfiðleika að etja af einhverju tagi. (sjá nánar eineltis- og áfallaáætlun skólans). Festa og öryggi í námsumhverfinu skapar betri líðan fyrir alla.

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi Grunnskóla Grundarfjarðar verður byggt á matskerfinu “Skólamat” Matskerfið tekur til allra þátta skólastarfs sem lög gera ráð fyrir og er gerð matsáætlun til þriggja ára í senn. Matið er ætlað til þess að greina sterkar og veikar hliðar skólastarfsins og bæta það sem betur má fara. Unnar verða umbótaáætlanir/skólaþróunaráætlanir til þess að taka á þeim þáttum.

Samantekt og úrbætur úr foreldrakönnunum um:

Líðan 1

Einelti: Skv. nemendakönnunum er nær ekkert einelti í skólanum. Foreldrar telja hins vegar að meira sé um einelti. Skýringin gæti verið sú að aðeins nemendur frá 5.-10. bekk tóku þátt í könnuninni en foreldrar allra nemenda svöruðu. Þetta segir okkur þá að meira einelti eigi sér hugsanlega stað á yngsta stigi. E.t.v getur skýringin verið sú að nemendur átti sig ekki á muninum á einelti og stríðni. Starfsfólk þarf að vera vakandi fyrir þessum málum. Funda þarf reglulega um þá nemendur sem eru í áhættu.

Líðan: 21% foreldra segja að börnum líði sæmilega í skólanum og 3% illa. Við viljum sjá fleiri færast í hóp þeirra sem líður vel. Ástæða vanlíðunar er ekki ljós og ekki hve margir af þessum nemendum líður einnig illa utan skóla. Starfsfólk verður að vera á verði gagnvart nemendum sem gætu verið í þessum hópi og leita leiða til að bæta líðan þeirra.

Hæfileikar: Sjá umfjöllun um nemendakönnun – hæfileika.

Hrós: Starfsfólk mætti standa sig aðeins betur í að hrósa nemendum eftir því sem kostur er.

Samskipti 2

Í heildina eru niðurstöður mjög jákvæðar og ekki annað að sjá en foreldrar séu almennt ánægðir með samskipti sín við starfsfólk skóla og eins samskipti nemenda við starfsfólk. Hér þarf að viðhalda því sem áunnið er og brýna fyrir öllum að sýna gagnkvæma virðingu.

Samskipti nemenda eru talin góð almennt en skora þó heldur lægra þ.e. kringum 90%. Gott er að vinna á bekkjarfundum með þennan þátt .

Almennt um skólann 3

Foreldrar eru jákvæðir í garð skólans í flestum tilfellum en alltaf má gera betur. Telja allflestir aðstöðu góða nema þar sem nemendur borða. Eins og staðan er þá mun það ekki breytast meðan ekki er um matsal að ræða. Nemendur hafa almennt gengið vel um í hádegishléi meðan matast er og gengur mun betur en ætlað var að láta nemendur sækja mat og fara með á diskum í kennslustofur.

Almennt um skólann 4

Mjög ánægjulegt að sjá hve afgerandi niðurstaðan er varðandi að foreldrum finnst þeir velkomnir í skólann, samstarf milli heimila og skóla sé gott og einnig að foreldrar telja almennt að kennarar hafi metnað til að skila góðri kennslu.

9 foreldrum finnst skólinn ekki vel settur með starfsfólk en ástæða er ekki ljós. E.t.v hafa tíð veikindaforföll áhrif hér. Útlit er fyrir að starfsmannavelta sé að minnka og líkur góðar á því að betur takist að manna stöður en undanfarin ár.

Nokkurs misræmis gætir milli svara á spurningu þrjú varðandi hvatningu og námsefni fyrir duglega nemendur þar sem 89% telja að þeim sé mjög oft/oft og stundum sinnt vel og

spurningu sex þar sem foreldrar telja að kennarar leggi metnað sinn í að kennslan sé góð, 95% segja að svo sé oftast/oft eða stundum. Full ástæða er til þess að hvetja kennara til að vera vel metvitaða um að sinna öllum nemendum af kostgæfni hvernig sem námsstaða þeirra og aðstæður eru.

Einungis einn fatlaður nemandi er í skólanum og hefur verið reynt að halda vel utan um hann í samræmi við væntingar foreldra og Svæðisskrifstofu fatlaðra á svæðinu. Reynt hefur verið að mæta þörfum nemenda sem þurfa á sérkennslu að halda eftir því sem kostur er. Hér þarf hins vegar að fara ofan í saumana á sérkennslu þar sem 85% telja hana ekki nægilega góða.

Samantekt og úrbætur úr nemendakönnunum um:

Líðan 1

Það sem sérstaklega þarf að skoða eru þau svör að 34% nemenda líður sæmilega. Spurning er hvernig orðið „sæmilega“ er túlkað. Hér þarf að kanna meðal nemenda hvernig merkingu þau leggja í það og athuga hvað veldur þá vanlíðan. Bekkjargundir verða nýttir til að vinna með þennan líð

15% nemenda telja að hæfileikar þeirra njóti sín ekki í skólanum. Hér þarf að skoða hvernig hægt er að leyfa hverjum og einum einstaklingi að njóta sín betur. Verkefni verða að vera fjölbreyttari, greina í einstaklingsviðtölum hvaða styrkleika/hæfileika nemendur telja sig hafa sem ekki njóta sín, brjóta þarf kennslu meira upp þannig að ofuráhersla verði ekki á „bókina“ og hafa kennsluaðferðir fjölbreyttari.

Allt starfsfólk þarf að gæta þess að hrósa nemendum og hafa samskipti við þá á jákvæðum nótum. Miklu skiptir að svara kurteislega sama hvað á gengur.

Samskipti 2

Skv. niðurstöðum úr nemendakönnuninni má bæta samskipti alls starfsfólks við nemendur.

Þó niðurstaðan sé ekki slæm þá er ástæða til að ræða á bekkjargundum og einstaklingsviðtölum hvað það er sem liggur að baka því að sumir nemendur telja samskiptin ekki góð. Eftirfarandi atriði þarf að framkvæma:

- Skólastjórar heimsæki bekkir reglulega
- Halda reglulega fundi með nemendaráði og kynni ákvarðanir og áætlanir
- Ræða við allt starfsfólk um að gæta orða sinna og sýna kurteisi í hvívetna, sama hvað á gengur, vanda sig í allri framkomu við nemendur. Þetta sama á við um nemendur og ræða þarf sérstaklega við þá varðandi þessa hluti. Sumir sjá ekki alltaf sökina hjá sér og finnst að sér vegið þegar verið er að ræða uppákomur.
- Halda bekkjargundi um þau atriði sem koma fram varðandi samskipti og fá fram hvaða atriði það eru sem valda því að nemendur telja sig ekki geta leitað til starfsfólks

Almennt um skólann 3

Skólareglur: Ljóst er að nokkuð stór hópur er ekki sáttur við skólareglurnar en ekki vitað námkvæmlega um ástæður. Skólareglur voru yfirfarnar en ekki þótti ástæða til að breyta þeim nema að litlu leyti.

Ánægja með skólann. Niðurstaðan er nokkuð ásættanleg þar sem 90% nemenda eru ánægðir með hann. Alltaf má þó bæta.

Skólinn í samanburði við aðra: Hér þyrfti að vinna ímyndarvinnu og fara ofan í saumana á hvað er til bóta í þessum efnunum

Aðstaða nemenda í frímínútum og matartímum. Þrátt fyrir að nemendur þurfi að borða í kennslustofum þá gengur það fyrirkomulag ótrúlega vel fyrir sig. Með fækkun nemenda er meira svigrúm á unglingsastigi. Ekki er fyrirsjáanlegt að hægt sé að bæta aðstöðu á næstunni.

Upplýsingaflæði: Nemendur virðast nokkuð vel upplýstir um það sem fram fer. Benda þarf nemendum á að lesa heimasíðu og fylgjast með Mentor.

Starfsmannaviðtöl í október 2008 – úrvinnsla.

Styrkleikar

Veikleikar

Almennt líður starfsfólki vel í vinnunni	Meira los á sérkennslumálum eftir
Starfsandi góður að mati allra	að sérkennari fór í veikindafrí, þarf að vinna
Að mati margra starfsmanna hefur vinna með gildi og stefnu skólans skilað sér í starfinu. Vinna með hópefli gefandi og skemmtileg, jákvætt andrúmsloft í skólanum	markvissar með þá nemendur Skoða eftirfylgni með sérkennslunemendum á miðstigi
Meiri ró yfir nemendum en áður	Fara vel yfir málefni og kennslu nýbúa
Samvinna mjög góð meðal annars starfsfólks, gott skipulag á vinnuferlum	þarf e.t.v meiri eftirfylgni í íslenskukennslu Styrkja grunn betur í stærðfræðikennslu
Ánægja annars starfsfólks með stjórnun	Skoða þarf námsmat og samræma.
Öllum gengur vel að koma verkefnum fyrir í vinnuramma (skólaliðar/stuðn.fulltr	Stundum vantar aðstoðarmann í samkennslubekkjum séstaklega í lestri.
SOS námskeið skiluðu árangri séstaklega á yngsta stigi	Vantar mötuneyti fyrir starfsfólk þar sem hægt er að kaupa ýmislegt
Gildi skólans hnitmiðuð og lærdómsrík	Klára klefa í smíðastofum endanlega
Kennsla hefur almennt gengið vel í vetur	Grænfánaverkefni þarf að komast í farveg, setja markmið o.fl.
Samkennsla gengur vel og er að þróast á yngsta stigi, kostir og gallar	
Samvinna fín og gott að leita til ráðsmanns með ýmis verkefni	
Minni veikindi á starfsfólki betri starfsandi	

Aðgerðir - úrbætur

Málefni nýbúa: Unnin hefur verið móttökuáætlun fyrir nýbúa og vinnuferli tengd þeim.

Kennarar þurfa að vera vakandi yfir nemendum með erlend móðurmál og gefa þeim sérstaklega gaum í íslenskunáminu

Námsmat: Skólaárið 2008-2009 var námsmat tekið til umfjöllunar og endurskoðunar og samræmt eftir því sem kostur er. Fram kemur í skólanámskrá hvernig því er háttað.

Aðstoðarmenn í bekkjum: Í öllum bekkjum frá 1.-6. bekk eru aðstoðarmenn (skólaliðar og stuðningsfulltrúar) í samkennslu og þar sem þörf er talin á.

Grænfánaverkefni: Skólinn er skráður sem "Skóli á grænni grein" sem þýðir að við munum vinna með grænfánaverkefni áfram. Tveir starfsmenn skólans hafa tekið að sér að stýra þessu verkefni í samvinnu við skólastjóra og verður gerð áætlun um þau atriði sem taka þarf fyrir á næstu árum.

Smíðastofa: Ganga þarf endanlega frá smíðastofunni. Komin er krafa frá Vinnueftirliti um að gang frá lausum endum og fullklára stofuna. Unnið í samræmi við ákvörðun bæjarstjórnar um fjármagn til verksins.

Sérkennslumál: Kennari við skólann er í sérkennaranámi og kemur til með að taka sérkennslu að mestu leyti.

Smíðastofa. Klára þarf endanlega stofuna og nú er krafa frá Vinnueftirliti um að koma henni í endanlegt horf skv. stöðlum þess. Framhald byggist á fjarveitingu til verksins.

Starfsmannasamtöl í apríl úrvinnsla

Kennarar

Styrkleikar	Veikleikar
Fólki líður almennt vel í vinnunni	Þarf að bæta skráningar á Mentor
Gott að leita til samstarfsfólks	Áhugaleysi einstakra kennara á samvinnuverkefnum
Góð samskipti og starfsanda	Sumir of mikið að telja mínútur og horfa á vinnuramma
Góð stjórnun og vel tekið á agamálum	Skoða félagslíf á miðstigi í samstarfi við félagsmiðstöð
Gott að kom nýr inn á vinnstaðinn	Ath. vel þjónustu við sérkennslunemendur vegna
Samtakamáttur í starfsmannahópnum	veikinda sérkennara
Samkennsla hefur yfir höfuð gengið vel	Athuga þarf vel loftslag í skólanum, einkenni hjá starfsfóli er vanlíðan, höfuðverkur, þyngli þurrkur í

Annað starfsfólk

styrkleikar	veikleikar
Góður starfsandi	Mikil veikindi á starfsmönnum auka álag á skóliða
Samskipti við aðra góð	og stuðningsfulltrúa
Fólki líður vel í vinnunni	Laga þarf vinnuaðstöðu í heilsdagsskóla
Gott skipulag	
Góður agi	
Mikill sveigjanleiki og fólk almennt	
tilbúið til að aðstoða ef með þarf	

Aðgerðir og úrbætur

Mentorskráningar: Ítreka hefur verið fyrir starfsmönnum að skrá á mentor skilaboð og athugasemdir, neikvæðar og jákvæðar.
Áhugaleysi á samvinnuverkefnum hjá sumum kennurum: Rætt á matsfundi og kennarar sammála um að bæta þurfi samvinnu og auka milli kennara/bekkja. Tímaskortur talin ein fyrirstaða en slíkt á ekki að vera uppi á teningnum. Kennurum boðið að nýta bundna viðveru til að funda um samvinnuverkefni.
Félagslíf nemenda: Efla þarf félagslíf á miðstigi og auka samvinnu við félagsmiðstöð. Fundað hefur verið með forstöðumanni félagsmiðstöðvar um aukið samstarf og samvinnu. Reglur samræmdar og endurskoðaðar. Jákvætt tekið í frekara samstarf.
Hiti, þurrkur, rafmögnun í skólahúsnæði: Haft var samband við Geislavarnir ríkisins og Rarik vegna þessa. Mælingar hafa farið fram og ljóst að athuga þarf elsta hluta skólahúsnæðis og gera endurbætur. Ekki er þó hægt að staðfesta hvað valdi óþægindum hjá þeim sem vinna í húsnæðinu.
Vinnuaðstaða í heilsdagsskóla: Ljóst er að aðstaða er í minna lagi en ekki lausn í sjónmáli með að færa hann. Til athugunar er hvað hægt er að gera.

SVÓT greining

Styrkleikar	Hvað þarf til að viðhalda styrkleikum
Metnaðarfullt, hjálpsamt og gott starfsfólk	Hærra laun, góðan starfsanda, hrósa og hvetja, tækifæri til endurmenntunar og láta ljós sitt skína-með hópefli, samvinnu, jákvæðni, samhjálp/hygð. Viðhalda metnaði og passa að verða ekki værukær.
Gott félagslíf	Viðhalda öflugri stjórn starfsmannafélags, halda áfram öflugu og góðu félagslífi
Menntunarstig starfsfólks	Tækifæri til endurmenntunar og stuðningur við þá sem eru í námi t.d. halda launum á meðan skólalotur standa yfir og veita fólki tækifæri til að bæta við sig menntun.
Reynsla, samvinna, góður starfsandi, stöðugleiki, lítil starfsmannavelta	Halda í gott starfsfólk, miðla og nýta reynslu starfsmanna. Vera góð hvert við annað og gera vel við starfsfólkið.
Stærð skólans	Vinna fjölbreyttara starf með minni hópa, blanda saman árgöngum. Vinna nú þegar hafin í þessa átt.
Umhverfi, lítið samfélag	Efla tengsl á milli stofnana/vinnustaða t.d. með gagnkvæmum heimsóknnum og meira samstarfi
Sveigjanlegur vinnutími að hluta	Halda áfram á sömu braut með sveigjanleika milli vinnuveitanda og starfsmanna báðum í hag
Færri veikindadagar	Heilsuefling á vinnustað
Góður ritari	Bæta vinnuaðstöðu og sýna tillitsemi
Góður tækjakostur	Nýta hann betur og viðhalda honum, halda áfram að bjóða upp á kennslu á búnaðinn
Gott upplýsingaflæði	Nýta tölvupóst og hvítu töfluna - hafa það í huga og láta virka í báðar áttir.
Samstilltur hópur, skipulag gott, jákvæðni, metnaður, virðing	Hópefli, haustþing. Halda gildum skólans og vinna með þau, hafa þau sýnileg og kynna þau betur.
Starfsdeildin	Jákvætt að geta haldið deildinni inni. Stöðug endurskoðun, fjölbreytt verkefni

Veikleikar	Hvað er hægt að gera til úrbóta?
Vannýttir hlutir/græjur	Notum tölvur betur og virkjum Smartboard og skjávarpa meira. Fjölga skjávörpum. Flokka og nýta. Hugsa út fyrir kassann.
Lítið samfélag	Nýta okkur tengsl í litlu bæjarfélagi, hafa betri kynningu á því sem við erum að gera, öflugra foreldrasamstarf. Nýta hugmyndaríka einstaklinga.
Lítill möguleiki á getuskiptingu	Góð samvinna/samráð við kennara um skipulagningu kennslu og stundaskrár
Viðhalda og fylgja betur eftir góðum hugmyndum	Skoða kosti og galla. Velja og hafna. Vera samkvæmur sjálfum sér
Sýnilegri skólustjórar gagnvart vinnu nemenda	Vera meira en bara stjórnandi. Mæta inn í stofur. Vera sýnileg allan veturinn
Lítill möguleiki á samstarfi fagkennara innan skólans vegna smæðar	Efla samstarf við aðra skóla á Nesinu. Samráðsfundir eru liður í þessu
Skortur á fjármagni til skólans	Skólustjóri standi vörð um fjármagn til skólans
Engin forfallakennsla	
Kennarar látnir kenna það sem þeir hafa ekki áhuga á	
Koma betur til móts við einstaklinga í náminu	Þurfum sérstaklega að skoða bráðgera nemendur og þá sem eru duglegir
Kennslufögum gert mishátt undir höfði	
Lítill kennarastofa, dreifð vinnuaðstaða	
Of mikil stýring af námsgögnum	Nýta betur það sem aðstæður og umhverfi bjóða upp á
Skortur á sérkennslu	
Nýtum tækifærin ekki nógu mikið	t.d. Comenius og önnur samstarfsverkefni, nýsköpun o.fl
Samkennsla í sumum tilfellum	1. bekkur þyrfti að vera einn og sér og ekki í samkennslu
Vantar fleiri sundtíma hjá sumum nemendahópum	Fjölga tímum í sundi í stærstu bekkjum og stórum samkennsluhópum

Ógnanir	Hvað er hægt að gera til að draga úr ógnunum?
Góðar hugmyndir renna út í sandinn	
Fjárskortur , kreppa, niðurskurður	
Tilfallandi erfið samskipti milli heimila og skóla	
Veikindi t.d svínaflensa	
Lítil kennarastofa	
rafmagnsspenna í loftinu	Sjá fylgiskjal um hvað gert hefur verið
Sunnanáttin	

Tækifæri

Tækifæri	Hvernig getum við nýtt tækifærin
Aukin endurmenntun	
Umhverfið – útikennsla – nálægð við náttúruna	<p>Grænfáni umhverfismennt</p> <p>Safnkassar →moltugerð→skólagarðar,umpottun,setja mold við trén ...</p> <p>Taka land/svæði í fóstur → gróðursetja,landfok, halda hreinu, berjarmór.....</p> <p>Búa til svæði við skógræktina til útikennslu →mæla tré, læra að þekkja tré, ölkeldan, gilið, gróður á svæðinu, skordýr, blóm, fuglar</p>
Góður tækjakostur – tækni	Örnámskeið - stuðningur
Menntunarstig starfsfólks	
Góður starfsandi	Halda áfram á sömu braut
Samhæfa listsköpun	
Hópverkefni – meiri samvinna	Með því að útfæra kennslu í hringekju hvort sem er í bekkjum eða á stigum er hægt að efla samvinnu kennara, bjóða upp á fjölbreytta og skemmtilega vinnu -
Brjóta upp hefðbundna kennslu	
Nýtni – búa til e-ð úr litlu	
Þróunarverkefni – samvinnuverkefni	
Samstarf nemenda á Snæfellsnesi	
Nærsamfélagið	
Samvinna við aðra hópa í samfélaginu/bæjarfélaginu	
Samkomusalur	

Úrbætur sem gerðar hafa verið 2008-2009.

- Í samvinnu við forstöðumenn félagsmiðstöðvar hefur verið unnið með betri tengsl milli skólans og hennar. Fulltrúar nemendaráðs verða virkari sem talsmenn nemenda þar sem þeir eiga nú setu í skólaráði og geta komið þeirra hugmyndum og skoðunum á framfæri.
- Bekkjargundir hafa verið haldnir reglulega þar sem farið er í ýmis samskiptamál og líðan rædd. Í október 2009 eiga allir bekkir að vera búnir með einn bekkjargund.
- Skráningar á Mentor en alltaf í umræðunni. Áhersla lögð á að skrá sem mest og einnig þegar nemendur hafa staðið sig vel.
- Vanlíðan vegna þurrks, rafmögnunar og óæskilegra þátta í skólaumhverfi hefur verið viðloðandi. Nú hefur Vinnueftirlitið tekið út staðinn, haft var samband við Rarik en fulltrúar komu frá þeim og tóku út húsnæði. Ljóst er að skoða þarf rafmagn í elsta hlut skólahúsnæðis. Rakatæki hafa verið keypt fyrir þá sem vilja nýta þau í kennslustofum.
- Unnið hefur verið í því að efla samvinnu kennara í kennslu. Nokkur samvinnuverkefni eru nú í vinnslu.
- Þjónusta við sérkennslunemendur er á þann veg að allir nemendur eru komnir í sérkennslu eða stuðning af þeim sem óskað var eftir að fengju slíka þjónustu. Þar sem reynslumikill sérkennari hefur horfið frá störfum er verið að vinna upp það bil sem skapast vegna fjarveru hans. Einn kennari er í sérkennaranámi og verður sérkennslan á hans höndum þegar fram í sækir.
- Málefni nýbúa. Unnin hefur verið móttökuáætlun og vinnuferli vegna nýbúa. Við skólann er starfandi kennari sem hefur sérhæft sig í nýbúakennslu og er hann með þessa nemendur á sínum snærum.
- Grænfánaverkefni er komið í farveg og tveir starfsmenn taka að sér að fylgja því eftir en skólinn er skráður sem „Skóli á grænni grein“
- Skortur á aðstoðarmönnum í samkennslubekkjum. Nú er í öllum tilfellum aðstoðarmaður inni í bekkjum þegar um samkennslu er að ræða.
- Starfsmannavelta er nú mjög lítil og meiri festa að skapast í skólastarfi þar af leiðandi. Góður kjarni er nú starfandi í skólanum og hæft fólk í vinnu.
- Skólareglur hafa verið endurskoðaðar en ekki ástæða til mikilla breytinga. Reglur voru örlítið rýmkaðar en þykja góðar eins og þær eru nú.
- Upplýsingaflæði til nemenda og kennara og foreldra hefur verið mikið bætt. Mentor er mikið notað í samskiptum við foreldra svo og tölvupóstur. Upplýsingaskjór er fyrir nemendur hjá ritara og á hann fer ýmislegt sem snertir skólastarfið. Upplýsingaflæði hefur einnig batnað mikið að mati starfsfólks
- Námsmat hefur verið endurskoðað og samræmt í takt við stefnu skólans.

